

Utkomið í A deild Stjórnartíðindanna.

Bráðabirgðalög fyrir Ísland, er banna dönskum þegnum liðveizlu til handa ríkjum, er í ófriði eiga, undirskrifuð af konungi 29. apríl 1898 (A. nr. 10, bls. 34—37).

Auglýsing um ákvæði, er stjórnir Danmerkur og Portúgals hafa komið sjer saman um að standa skuli fyrst um sinn um verzlunar- og siglingamál milli landanna, undirrituð af ráðgjafanum fyrir Ísland 5. maí s. á. (A. nr. 11, bls. 38—43).

Auglýsing, er birtir á Íslandi lög 19. marz 1898 um að öðlast og missa rjett innborinna manna, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 11. s. m. (A. nr. 12, bls. 44—51).

Auglýsing fyrir Ísland útaf ófriðnum milli Bandaríkja Norðurameríku og Spánar, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 12. s. m. (A. nr. 13, bls. 52—55).

Hafnarreglugjörð fyrir Ísafjardarkaupstað, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A. nr. 14, bls. 56—59).

Lög um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða, undirskrifuð af konungi 4. júní 1898 (A. nr. 15, bls. 60—61).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðinga um makaskipti á 2 kirkjujörðum (Skarðspingaprestakalls) — Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef 56
24. marz yðar, herra landshöfðingi, dagsett 9. desbr. f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum, 18. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að makaskipti fram fari á tveimur kirkjujörðum Skarðspingaprestakalls í Dalaprófastsdæmi, Broddadalsá í Broddaneshreppi í Strandasýslu og Nýpum í Skarðsstrandarhreppi í Dalasýslu, fyrir bændajörðina Hvalgrafir í sama hreppi og 200 kr. í peningum, með því skilyrði, að upphæð þessi verði sett á vöxtu í söfnunarsjóði Íslands sem óskerðanleg innstæða, er tilheyri Skarðspingaprestakalli, og að framvegis verði farið með jarðirnar Broddadalsá og Nýpur sem aðrar bændajarðir, að því er skatta alla og skyldur snertir, en að jörðin Hvalgrafir framvegis verði skoðuð sem kirkjujörð.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutadeigendum og frekari ráðstöfunar.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um brauðaskipti — Ut af fyrirspurn til yðar frá biskupnum, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. febrúar þ. á., beiðzt leiðbeiningar ráðaneytisins um það, hvort veita megi eptir gildandi lögum, sjerstaklega lögunum frá 8. janúar 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða, leyfi til þess að hafa brauðaskipti, svo sem einatt átti sjer stað áður, og, ef svo sje, hverjum skilyrðum það væri bundið. 57
16. apríl

Út af þessu er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir biskupnum, að ráðaneytið verður að telja slík brauðaskipti ósamræmileg við ákvæði umgetinna laga frá 8. janúar 1886.